

Hafnarfjarðarbær
Anne Steinbrenner
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 9. október 2023
UST202309-201/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 - Iðnaðarsvæði I4

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 21. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 fyrir iðnaðarsvæði I4.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á stækkun iðnaðarsvæðisins I4 inn á óbyggt svæði til austurs vegna stækkunar lóðarinnar Álhelli 1. Í dag er stærð skipulagssvæðis um 75 ha, en stærð á því svæði þar sem landnotkunin breytist úr óbyggðu svæði í iðnaðarsvæði er 1,2 ha.

Auk þess kemur fram að ástæðan fyrir stækkun lóðar Álhelli 1 er að Hringrás ehf. hyggst flytja endurvinnslustöð úr Sundahöfn í Reykjavík að Álhelli 1 í Hafnarfirði. Í framkvæmdinni felst m.a. móttaka og geymsla fyrir útflutning á brotajárni þ.m.t. faratækjum, yfir 1.500 tonnum á ári ásamt uppsetning málmætara.

Efni lýsingar - Umhverfisáhrif

Í greinargerð lýsingar er fjallað um nokkra umhverfisþætti sem líklegt sé að meta á við gerð aðalskipulagsbreytingarinnar eins og vistgerðir, jarðminjar og hávaði og á bls. 12 fjallað um fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4.2.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, þar sem fjallað er um efni lýsingar, segir að í lýsingu skal gerð grein fyrir þeim þáttum í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til, m.a. (l) hvernig staðið verði að umhverfismati áætlunarinnar skv. 4.4. gr.

Umhverfisstofnun bendir á að það hefði verið æskilegt að fjallað væri um í lýsingu hvaða umhverfisþættir verða skoðaðir og metnir í tillögunni, hvaða matsspurningar lægju til grundvallar og umhverfisviðmið svo að stofnunin geti veitt umsögn, komið með ábendingar og tekið afstöðu varðandi umhverfisþætti, matsspurningar og viðmið.

Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 5.2. matskyldufyrirspurnar kemur fram að spilli- og endurvinnsluefni mun verða meðhöndluð á lóðinni, og að afrennsli verður leitt í púkkpúða og niður í jarðgrunninn, eftir að hafa farið í gegnum fastefna- og olíugildirur. Umhverfisstofnun bendir á öll bein og óbein losun efna á lista I og II reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, er leyfisskyld og háð skilyrðum samkvæmt 10. gr. reglugerðarinnar. Bein losun er skilgreind sem losun efna í grunnvatn, oftast frá stakri uppsprettu, án þess að þau síist í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn. Óbein losun er þegar efni berast frá dreifðum uppsprettum, eða er hætta á að geti borist, í grunnvatn eftir síun í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn. Til óbeina losana telst m.a. meðhöndlun og geymsla úrgangsefna eða efna á lista I og II reglugerðarinnar. Ef þessi efni eru losuð í grunnvatn eða meðhöndluð á svæðinu í verulegu magni er umsækjandi skyldur skv. 13 gr. reglugerðarinnar að rannsaka áhrif beinnar losunar og mögulegrar óbeinnar losunar á efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins. Miða skal við losunarmörk sem eru sett fram í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og öðrum hlutaðeigandi reglugerðum.

Loftgæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um umhverfisþáttinn loftgæði í tillögunni, að settar séu fram matsspurningar sem fjalla um áhrif tillögunnar á loftgæði með viðeigandi viðmiðum til hliðsjónar í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags.

Fram kemur í greinargerð lýsingar og matskyldufyrirspurninni að til að forðast rykmyndun frá tætaranum verði vatni úðað á efnið áður en það er tætt. Aftar í vinnslulínunni þar sem skilvindur eru notaðar til flokkunar á tættu efni í mismunandi efnisflokkum er afsog tengt við pokasíuvirki. Samkvæmt skilgreiningu frá framleiðanda tætarans er ryklosun með lofti úr pokasíunum minni en 5 mg/Nm³. Umhverfisstofnun vekur athygli á að Evrópusambandið hefur gefið út BAT-niðurstöður fyrir umræddan iðnað, sjá hér <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32018D1147>, og mun stofnunin vísa til þeirra er kemur að vinnslu starfsleyfis.

Ljóst er að töluverð loftmengun getur borist frá umræddri starfsemi og eru ítarlegar kröfur um hreinsun og mælingar settar fram í BAT-niðurstöðunum.

Hljóðvist

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um umhverfisþáttinn hljóðvist í tillögunni, að settar séu fram matsspurningar sem fjalla um áhrif tillögunnar á hljóðvist með viðeigandi viðmiðum til hliðsjónar í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags.

Í greinargerð lýsingar er aðeins fjallað um áhrif starfseminnar á hljóðvist og er hún talin geta verið nokkuð neikvæð.

Umhverfisstofnun bendir á að fram kemur í matskyldufyrirspurninni að mikil hávaði mun berast frá starfseminni. Samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, töflu III í viðauka, skal hljóðstig við húsvegg á iðnaðar- og athafnasvæði ekki vera yfir 70 dB(A). Framleiðandi

tætara gerir þær kröfur til sinna birgja að hljóðstig í 1 m fjarlægð frá einstökum hlutum samstæðunnar, svo sem viftum, pokasíuhúsi og færiböndum sé minna en 85 dB(A). Þó eru nokkrir hlutar grunnbúnaðarins sem gefa frá sér hærra hljóðstig s.s. tætarinn sjálfur og mótör hans. Hljóðstigið er einnig tiltölulega hátt frá mötun inn í tætarann, á svæði þar sem vélræn flokkun á efni fer fram og þar sem tættur málmur kemur af færibandi.

Áætlað er að staðsetja tætarann nálægt lóðamörkum í vestur enda lóðar og er hann því nálægt nágretta á næstu lóð. Samkvæmt reiknuðu hljóðstigi er hávaði við húsvegg á næstu lóð of hár nema gripið verði til ýmissa mótvægisáðgerða og með þeim er hávaðinn tæp 66 dB(A) samkvæmt útreikningum. Ljóst er að mikil hávaðamengun mun berast frá starfsemi og er ekki ljóst hvort fyrirætlaðar mótvægisáðgerðir eru fullnægjandi til að tryggja að hávaðinn verði innan marka skv. reglugerð.

Jarðmyndanir

Í greinargerð lýsingar kemur fram að framkvæmdinni mun raska nútímahraun er nýtur sérstakrar verndar í samræmi við 61. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Jarðmyndunum af þessum tagi ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Fram þarf að koma í skipulagstillögunni hvaða ríku almannahagsmunir réttlæti þá röskun.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

sérfræðingur